




Ráðhúsið, Geislagötu 9, 4. hæð • [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) •  
Akureyri dags. 23.10.2023 •

## Kirkjutröppur endurbætur



Stöðuskýrsla 1



## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>UNDIRBÚNINGUR, HÖNNUN OG FRAMKVÆMDIR</b>	<b>3</b>
1.1	Markmið og undirbúningur	3
1.2	Ráðgjafar og eftirlit	3
<b>2</b>	<b>FRAMKVÆMD</b>	<b>5</b>
2.1	Verk- og tímaáætlun framkvæmda.	5
2.2	Verkstaða	5
2.3	Uppgjör og áætlunir	6
2.4	Aukaverk, Magnbreytingar og Viðbótarverk	6
<b>3</b>	<b>TEIKNINGAR</b>	<b>7</b>
<b>4</b>	<b>MYNDR</b>	<b>8</b>



## 1 Undirbúningur, hönnun og framkvæmdir

### 1.1 Markmið og undirbúningur

Markmið framkvæmda er að endurnýja kirkjutröppurnar og setja í þær snjóbræðslulagnir nýja lýsingu með möguleika á að breyta lit lýsingar í samræmi við lýsingu á Akureyrarkirkju einnig að bæta aðgengi með endurbættum handriðum, hellulögnum á palla, þar sem sérstakar hellur með upphleyptu yfirborði og mismun í litasamsetningu vara við að komið sé að hæðarbreytingum.

Bæta aðgengi frá tröppum að Sigurhæðum með endurhönnuðum stíg og handriðum og útfæra áningarstaði við tröppurnar.

Verkið er unnið í samráði við Reginn ehf eiganda húseigna hótél Kea og er framkvæmd á neðstu tröppunum sem eru ofan á gömlu snyrtingunum á þeirra forræði og einnig lagfæringar á veggjum og þaki húsnæðisins.

### 1.2 Ráðgjafar og eftirlit

#### Hönnuðir og ráðgjafar:

Arkitekt og samræmingarhönnuður  
Burðarþolshönnun  
Raflagnahönnun  
Lagnahönnun  
Landslagshönnun

Fanney Hauksdóttir AVH teiknistofa  
AVH teiknistofa  
Ljósgefjafinn tæknideild  
Efla verkfræðistofa  
tsnl teiknistofa

Umsjón og eftirlit er í höndum Umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar Og AVH teiknistofu fyrir hönd Regins



## Útboð

Verkið var boðið út sem heild og voru tilboð opnuð 26.apríl 2023.

Eitt tilboð barst frá Lækjarsel ehf upp á 86.871.376 kr ,tilboðið var frávikstilboð þar sem liður 1.0 jarðvinna og 8.0 lóð voru ekki innifalín.

Samningur var staðfestur 14.júní 2023 en ákveðið var að skipta verksamningum á milli Akureyrarbæjar og Regins og var endanlegur verksamningur Akureyrarbæjar við Lækjarsel undirritaður 12.júlí 2023 og hljóðar upp á 60.742.446 kr

### Verktakar:

Aðalverktaki	Lækjarsel	ehf
Raflagnir	Rafmenn	ehf
Pípulagnir	Lagnastýring	ehf
Múrverk	Múriðn	ehf
Þakdúkar	Þakverk	ehf

Aðrir verktakar sem koma að verkinu með samning við Akureyrarbæ

Jarðvinna og niðurbrot	Finnur	ehf
Þökulagnir og stígagerð	Garðverk	ehf

Umhverfis og mannvirkjasvið leggur til verksins:

- Granít skífur á tröppur
- Handriðsljós
- Ljósapollar
- Stjórnþúnað og forritun hússtjórnarkerfis



## 2 Framkvæmd

Verkið felst í því að fjarlægja og farga núverandi kirkjutröppum og það sem þeim tilheyrir, neðri hluti trappna er ofan á þakplötu húsnæðis sem hýsti áður almenningsalerni og þarf að hreinsa allan jarðveg steypumannvirki og annað niður að þakplötunni, vatnsþétta þakplötuna með ábræddum pappa og steypa nýjar tröppur þar ofan á auk þess að byggja upp hellulagða millipalla, efri hlutinn er síðan steypdur upp ofan á fyllingu, tröppurnar verða síðan lagðar Granít skífum.

Í verkinu felst að setja snjóbræðslukerfi í tröppur og palla og lýsingu við tröppurnar, einnig þarf að setja niðurfallsrennur og dren frá öllum pöllum í tröppunum og tengja fráveitukerfi.

Grafa þarf frá vegg ofan við undirgöng vatnsþétta vegginn og setja drenlagnir með veggnum.

Uppsetning á handriðum í tröppur og fallvarnargirðingum meðfram norðurhlið framkvæmdasvæðis er hluti verksins og jafna þarf lóð beggja megin við tröppurnar og þökuleggja í lok framkvæmda

### 2.1 Verk- og tímaáætlun framkvæmda.

Verksamningur gerði ráð fyrir að ljúka framkvæmdum 15 október 2023.

Ljóst er að sú áætlun var bjartsýn og nú er stefnt á að ljúka framkvæmdum vorið 2024.

Í upphafi urðu tafir á undirritun samnings og óvissa um hvaða verktakar gætu tekið að sér þá verkþætti sem aðalverktaki bauð ekki í.

Á verk tímanum hafa síðan komið upp ófyrirséð vandamál sem varð að leysa og hafa tafið verkið. m.a. kom í ljós að steypa þurfti utan á vegg sem grafið var frá og snýr að efri hluta trappna og því dróst framkvæmd við þéttingu og frágang veggisins, einnig þurfti að brjóta hluta þaksins undir tröppunum og steypa upp að nýju.

### 2.2 Verkstaða

Framkvæmdir fóru af stað í lok júní 2023 með lokun vinnusvæðis með vinnugirðingum og lokuðum veggjum ofan og neðan við tröppurnar.

Niðurrif á tröppunum fór af stað 28 júní og stóðu yfir fram í miðjan júlí.

Þá tók við landmótun og stígagerð að Sigurhæðum sem var lokið um mánaðarmót júlí ágúst.

Grafið var frá vegg að undirgöngum við hótél og kom þá í ljós að steypa þurfti utan á hluta veggisins svo hægt væri að bræða vatnsvörn á vegginn, farið var strax í vinnu við járna og steypuvinnu.

Í lok ágúst var veggur tilbúinn undir bræðslu á þéttingum.

Brætt var á neðri hluta veggs við undirgöng í byrjun september.

Veggurinn síðan einangraður og takkadúk komið fyrir, drenlögn og tenging út í götu gerð klár.

Búið að fylla með drenmöl að neðri hluta veggs 15 september.

Í dag 23 október er staðan þannig að búið er að þökuleggja bæði ofan og neðan við nýjann stíg að Sigurhæðum, borun fyrir festingum handriðs í undirbúningi.



Búið er að vatnspétta allan vegginn við undirgöng og koma fyrir öllum lögnum og fylla upp í skurðinn með drenmöl.

Múrarar eru búnir að gera við yfirborð þaksins á snyrtingunum og nú er klárt undir bræðslu þakdúks.

Reiknað með að steypa tröppur ofan á þakið þegar bræðslu lýkur.

Áætlað er að fá efri hluta trappna forsteyptar, tilboð er komið í forsteyptar tröppur og er verið að ljúka undirbúningi gagna fyrir þá vinnu.

Búið er að jafna og hæðarsetja stallana undir tröppurnar.

### 2.3 Uppgjör og áætlanir

Áætlun gerði ráð fyrir að greiða 70 milljónir árið 2023 og 70 árið 2024.

Greiðslustaða Október 2023

Kirkjutröppur endurbætur 2022-2024	áætlun	samtals áætlun				
Fjárveiting 2022						
Fjárveiting 2023	70.000.000					
Fjárveiting 2024	70.000.000	140.000.000				
<b>Kirkjutröppur endurbætur 2022-2024</b>						
Aðalverk 4014744 / One	Áætlun	Greitt	Ógreitt	Samtals	Hlutfall af greitt	Hlutfall af framkvæmda kostnaði
Hönnun, umsjón og eftirlit	15.000.000	7.406.631	7.593.369	15.000.000	49%	11%
Verksamningar	76.742.446	30.217.210	46.525.236	76.742.446	39%	54%
magnbreytingar auka og viðbótarverk	12.000.000	208.184	11.791.816	12.000.000	2%	9%
Undirbúningur og verklok	3.000.000	1.051.565	1.948.435	3.000.000	35%	2%
Efniskaup UMSA	32.000.000	29.488.946	2.511.054	32.000.000	92%	23%
Opinber gjöld	300.000	22.269	277.731	300.000	7%	0%
Fjármagnskostnaður	2.000.000	0	2.000.000	2.000.000	0%	1%
<b>Samtals</b>	<b>141.042.446</b>	<b>68.394.805</b>	<b>72.647.641</b>	<b>141.042.446</b>	<b>48%</b>	<b>100%</b>

### 2.4 Aukaverk, Magnbreytingar og Viðbótarverk

#### Helstu aukaverk

tvær aukaverkabeiðnir hafa verið gefnar út.

1. Aftengingar á gömlum ljósastaurum
2. Endurbætur á drenlögnum og niðurfalli við stoðvegg






### 3 Teikningar

#### Akureyrarkirkjutröppur – Tröppupallur

-Ekki tvöföld róð af granitflisum við efstu tröppu til að koma fyrir áherstumerkingum.

-Niúrföll mjó og láttlaus með max 9mm ristar (skv. öryggisviðmiðum)







## 4 Myndir

